



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 24. ágúst, 2007

Ákvörðun nr. 43/2007

Synjun Sunda ehf. á gagnabeiðni Samkeppniseftirlitsins

I.

Málavextir og málsatvik

Með bréfi dagsettu þann 15. maí 2007 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir nánar tilgreindum gögnum frá ýmsum aðilum í tengslum við viðskipti með hlutabréf í Glitni banka sem mikið hafði verið fjallað um í fjölmiðlum. Þeirra á meðal voru Sund ehf. (hér eftir Sund).

Svar barst Samkeppniseftirlitinu með bréfi dags. 31. maí sama ár. Í bréfi Sunda kom fram að Sund Holding, sem er dótturfélag Sunda, hefði selt hlut sinn í Glitni banka og teldi félagið sér því óskilyt að svara bréfi Samkeppniseftirlitsins. Jafnframt kom fram að hlutur Sunda Holding hefði verið seldur þar sem Fjármálefirlitið hafði svipt félagið atkvæðarétti á hluthafafundi Glitnis banka á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Samkeppniseftirlitið andmælti þessari afstöðu Sunda í bréfi dagsettu 12. júní 2007 og tilkynnti jafnframt að stofnunin myndi kanna hvort ástæða væri til þess að leggja sektir á Sund vegna synjunar á gagnabeiðni stofnunarinnar. Veitt Samkeppniseftirlitið Sundum frest til 27. júní til þess að koma að athugasemdum vegna hugsanlegra sekta. Óskað var eftir fresti til þess að koma að athugasemdum og svara ítrekaðri gagnabeiðni Samkeppniseftirlitsins símléiðis. Var veittur frestur til 4. júlí. Eigi að síður bærust engin gögn frá Sundum eða athugasemdir vegna hugsanlegra sekta. Með bréfi dagsettu 18. júlí áréttaði Samkeppniseftirlitið gagnabeiðni sína og tók fram að til greina kæmi að leggja dagsektir á Sund skv. 38. gr. samkeppnislaga þar til fyrirspurn Samkeppniseftirlitsins væri svarað myndu gögnin ekki berast fyrir 25. júlí. Svar ásamt umbeðnum gögnum barst loks frá Sundum með bréfi dagsettu þann 25. júlí.

II.

Niðurstaða

Í 1. mgr. 19. gr. samkeppnislaga segir:

„Samkeppniseftirlitið getur krafist einstök fyrirtæki, fyrirtækjahópa og samtök fyrirtækja, sem lög þessi taka til, um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga er hægt



að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur."

Ljóst er að beiðni skv. 19. gr. laganna felur í sér „skyldu fyrir móttakanda hennar að verða við henni nema annað sé skýrt tekið fram“, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2004 *Ker hf. (áður Olíufélagið hf.), Olíuverzlun Íslands hf., Skeljungur hf. og Bensínorkan ehf. gegn samkeppnisráði*

Í bréfi Sigurðar G. Guðjónssonar hrl. fyrir hönd Sunda dags. 25. júlí 2007 kemur fram að Sund töldu upphaflega gagnabeiðni Samkeppniseftirlitsins sér óviðkomandi þar sem hlutur félagsins hafði þá þegar verið seldur. Af því virðist mega ráða að helsta mótbára Sunda gegn gagnaöflunarbeiðni Samkeppniseftirlitsins sé sú að við sölu hlutar síns í Glitni hafi skyldan til þess að svara bréfi Samkeppniseftirlitsins liðið undir lok.

Útlistaðar voru ítarlega í bréfi Samkeppniseftirlitsins frá 15. maí 2007 ástæður gagnaöflunar Samkeppniseftirlitsins. Viðskipti ýmissa aðila, þar á meðal Sunda, með hlutabréf í Glitni ásamt margvíslegum eignatengslum sömu aðila gáfu Samkeppniseftirlitinu ástæðu til þess að ætla að fyrir hendi kynni að vera ástæða til þess að grípa til aðgerða á grundvelli samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið fær ekki séð að sú staðreynd að Sund og dótturfélag þess, Sund Holding, hafi selt hluti sína aflétti skyldu Sunda til þess að veita Samkeppniseftirlitinu upplýsingar í samræmi við ákvæði 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Fyrir því eru engar forsendur og má ekkert ráða af bréfi Samkeppniseftirlitsins dags. 15. maí sl. um að forsenda gagnaöflunarinnar sé sú að Sund eigi hlut í Glitni banka. Þess fyrir utan er framkvæmdastjóri Sunda stjórnarmaður í Glitni banka og er því ekki tækt að halda því fram að Sund hafi engin tengsl við Glitni banka. Var Sundum ennfremur í lófa lagið að kanna hvort afstaða Samkeppniseftirlitsins til gagnabeiðninnar væri sú hin sama og Sunda áður en svarfrestur rann út.

Í skyldu 19. gr. samkeppnislaga til að veita upplýsingar og afhenda gögn felst m.a. að afhenda þau gögn sem óskað er eftir innan þess frests sem Samkeppniseftirlitið setur að því tilskyldu að sá frestur sé hæfilegur svo sem lög áskilja. Samkeppniseftirlitið sendi samskonar gagnabeiðni til rúmlega tugs aðila sem allir svöruðu tímanlega.

Eins og framan er rakið sinnti Sund ekki gagnabeiðni Samkeppniseftirlitsins innan þeirra fresta sem gefnir voru. Telst félagið því hafa brotið gegn skyldu 19. gr. samkeppnislaga.

Samkvæmt 37. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 2. gr. laga nr. 52/2007 um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005, leggur Samkeppniseftirlitið sekt á félög sem brjóta gegn skyldu til þess að afhenda gögn skv. 19. gr. samkeppnislaga. Í ummælum greinargerðar um ákvæðið segir meðal annars:



„Þá er lagt til að Samkeppniseftirlitið leggi á stjórnvaldssektir hafi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja brotið gegn ákvörðunum eftirlitsins á grundvelli 14., 15., 16. og 17. gr. Nokkuð hefur borið á því í framkvæmd að fyrirtæki hafi skirrst við að tilkynna um samruna, þrátt fyrir skýra skyldu þar að lútandi í 17. gr. laganna. Þá hefur einnig borið á í framkvæmd að skylda til að veita upplýsingar og afhenda gögn skv. 19. gr. laganna sé ekki virt í hvívetna. Því er lagt til að Samkeppniseftirlitið skuli leggja stjórnvaldssektir á þau fyrirtæki sem brjóta gegn þeim ákvæðum laganna.“

Við mat á sektum skal meðal annars hafa til hliðsjónar eðli og umfang brota, hvað brot hafa staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Sund neituðu að verða við gagnabeiðni Samkeppniseftirlitsins dagsettri 15. maí 2007 með bréfi sínu dagsettu 31. maí sl. Þá var ítrekun gagnaóskar ekki svarað þrátt fyrir að veittur hefði verið rúmur tími til þess að svara. Svar Sunda barst loks 25. júlí eða rúmum tveimur mánuðum eftir að upphafleg gagnabeiðni var send Sundum. Synjun Sunda á því að svara upphaflegri gagnabeiðni Samkeppniseftirlitsins byggði ekki á neinum málefnalegum ástæðum og eðlilegum forsendum. Þá var dráttur félagsins við að svara bréfum Samkeppniseftirlitsins eftir að aukinn frestur hafði verið gefinn algerlega ástæðulaus. Hefur háttsemi félagsins tafið rannsóknir Samkeppniseftirlitsins til hnjóðs fyrir aðila málsins og þá hagsmuni sem samkeppnislögum er ætlað að vernda. Horft er til þess að Sund hafa ekki áður gerst brotleg við ákvæði samkeppnislaga og til þess tíma sem brotið stóð yfir.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið og atvikum öllum telur Samkeppniseftirlitið að hóflega ákvörðuð sekt sé 1.000.000 krónur.

Ákvörðunarorð:

„Vegna brots Sunda ehf. á 19. gr. samkeppnislaga skal félagið greiða 1.000.000 krónur í sekt með vísan til heimildar í 37. gr. samkeppnislaga. Sektina skal greiða innan mánaðar frá ákvörðun þessari.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson